




Sjálfbær fjármálaumgjörð

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | [LANDSBANKINN.IS](https://www.landsbankinn.is)

21. janúar 2021



Efnisyfirlit

Landsbankinn	3
Sjálfbærni hjá Landsbankanum	3
Starfsumhverfi Landsbankans	3
Skuldbindingar og aðild	4
Sjálfbær fjármálaumgjörð Landsbankans	5
1. Um umgjörðina	5
2. Tilgangur umgjarðarinnar	5
3. Ráðstöfun söluandvirðis	5
Neikvæð skimun	8
4. Ferli við mat og val á fjármögnunarkostum	8
Sjálfbær fjármálanefnd	8
5. Umsjón með söluandvirði	8
6. Skýrslugjöf og úttekt þriðja aðila	9
Skýrsla um ráðstöfun söluandvirðis	9
Framvinduskýrsla	9
Ytri staðfesting	11
Fylgiskjöl	11
Fyrirvari	12

Landsbankinn

Landsbankinn (hér eftir líka bankinn) er leiðandi fjármála-fyrirtæki hér á landi og býður einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum upp á alhliða fjármálaþjónustu. Það er stefna bankans að vera hreyfiafl sem starfar í sátt og samlyndi við umhverfið og samfélagið.

Sjálfbærni hjá Landsbankanum

Stefna Landsbankans í samfélagsábyrgð er að leggja sitt af mörkum til framþróunar sjálfbærni á Íslandi, vera hreyfiafl í samfélaginu og starfa í samræmi við viðmið um góða stjórnarhætti. Landsbankinn leggur ríka áherslu á launajöfnuð og jöfn starfstækifæri fyrir alla.

Landsbankinn er virkur þátttakandi í hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna (SP), aðili að reglum SP um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI), einn af stofnaðilum IcelandSIF og Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, og viðmiða um ábyrga bankastarfsemi (PRB). Landsbankinn gefur árlega út sjálfbærnisráðgjafir sem byggir á viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI).

Árið 2019 hóf Landsbankinn þátttöku í starfi PCAF, alþjóðlegu samstarfsverkefni fjármálafyrirtækja, sem miðar að því að þróa og innleiða samræmda aðferð til að mæla og greina frá losun gróðurhúsalofttegunda. Aðferðafræðinni er ætlað að gera bönkum kleift að meta kol-efnislosun lána- og eignasafna. Landsbankinn leggur áherslu á að skilja og upplýsa um óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum lána- og eignasafn sitt.

Landsbankinn vinnur að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þrjú heimsmarkmiðanna: Markmið 5 um jafnrétti kynjanna, markmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt og markmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu. Þessi þrjú markmið tengjast öll starfsemi bankans og því getur vinna að þeim hámarkað jákvæð áhrif bankans á umhverfi og samfélag.¹

Landsbankinn hefur fengið UFS-áhættumat frá Sustainability og er niðurstaðan sú að bankinn stýri lágrí UFS-áhættu sinni vel.

Starfsumhverfi Landsbankans

Landsbankinn starfar á Íslandi. Landið er ríkt af endurnýjanlegum auðlindum og byggir upphitun húbýla og framleiðsla rafmagns nær alfarið á nýtingu jarðvarma og vatnsaflsorku. Losunarstuðull rafmagns í dreifikerfi á Íslandi er með því lægsta sem gerist í heiminum. Það þýðir að óbein losun (framleiðsla raforku og varma) íslenskra fyrirtækja er almennt séð mjög lítil. Ísland telst til þróðustu ríkja heims, samkvæmt þróunarkvarða Sameinuðu þjóðanna. Jafnrétti kynjanna var tekið upp í íslensku stjórnarskrána árið 1995 og lög um launajafnrétti tóku gildi árið 2018. UFS-áhætta lýðveldisins Íslands er talin lág. Hætta á peningaþvætti telst einnig mjög lág á Íslandi.² Fjárfestingar og lánasafn Landsbankans markast af þessum þáttum.

¹ Frekari upplýsingar um sjálfbærnivegferð bankans má nálgast á <https://www.landsbankinn.is/en/the-bank/csr>

² Skv. CountryRisk.io, nóvember 2020.



Skuldbindingar og aðild

Skuldbindingar	Undirritunarár	
	Hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna	2006
	Viðmið um ábyrgar fjárfestingar	2013
	IcelandSIF	2017 (stofnaðili)
	Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF)	2019
	Viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI)	1992
	Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni	2011 (stofnaðili)
	Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB)	2019 (stofnundirritunar-aðili)

Sjálfbær fjármálaumgjörð Landsbankans

1. Um umgjörðina

Markmið með sjálfbærri fjármálaumgjörð (e. sustainable finance framework) Landsbankans er að aðlaga fjárfestingar- og útlánastarfsemi bankans að markmiðum Evrópusambandsins í loftslagsmálum og að sjálfbæru lággögnunarsamfélagi, í samræmi við markmið Parísarsamkomulagsins. Að auki vill Landsbankinn afla fjármuna til jafns við þá sem bankinn lánar viðskiptavinum í þeim tilgangi að aðlaga rekstur sinn að markmiðum um umhverfisvernd og samfélagsábyrgð, og til að nýta þau mörgu tækifæri sem lággögnunarsamfélagi býður upp á.

2. Tilgangur umgjörðarinnar

Tilgangurinn með sjálfbærri fjármálaumgjörð er setja fram samræmda aðferðafræði fyrir alla sjálfbæra lánveitingu í framtíðinni, þ.m.t. útgáfu á grænum, félagslegum og sjálfbærum skuldabréfum, sem og annarra fjármögnunarmöguleika („sjálfbærir fjármálagerningar“).³ Landsbankinn hyggst af og til gefa út sjálfbæra fjármálagerninga undir fjármálaumgjörðinni. Heiti einstakra gerninga munu vísa til fjármálaumgjörðar þessarar og hvers konar breytinga sem kunna að vera gerðar þar á.

Fjármálaumgjörðin kveður á um grundvöll greiningar, val, sannpröfun og upplýsingagjöf um sjálfbæra fjármögnun eða endurfjármögnun, bæði við útlán og fjárfestingu, sem eru hæf til fjármögnunar, beint eða óbeint,

með tekjum frá sjálfbærum fjármálagerningum og meðferð slíkra tekna.

Fjármálaumgjörðin skal að svo miklu leyti sem mögulegt er samræmast viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) um græn og félagsleg skuldabréf (e. Green Bond/Social Bond Principles) og leiðbeiningum um sjálfbær skuldabréf (e. Sustainability Bond Guidance). Alþjóðasamtök aðila á verðbréfamarkaði eru samtök markaðsaðila á fjármagnsmarkaði og hafa samtökin verið brautryðjandi í sjálfbærum skuldabréfum síðan 2014. Samtökin hafa gefið út valkvæð viðmið sem efla gagnsæi og upplýsingagjöf á markaði með sjálfbæra fjármálagerninga. Vilji okkar stendur einnig til þess að fjármálaumgjörðin samræmist nýlegu flokkunarkerfi Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy) um græna og félagslega fjármögnun þar sem það er mögulegt. Einnig verður litið til óútgefins flokkunarkerfis Evrópusambandsins fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Fjármálaumgjörðin byggir einnig á viðmiðum SP um blá skuldabréf fyrir fjárfestingar sem efla sjálfbærni í sjávarútvegi.⁴ Þar sem ekki eru til viðeigandi staðlar eða viðmið byggir fjármálaumgjörðin á ströngum atvinnugreinviðmiðum eða vottunarkerfum sem viðtekin eru á markaði.

Fjármálaumgjörðin samanstendur af fimm hlutum:

1. Ráðstöfun söluandvirðis
2. Ferli við mat og val á verkefnum

3. Umsjón með söluandvirði

4. Skýrslugjöf

5. Ytri staðfesting

Við gerð fjármálaumgjörðarinnar var þess gætt að hún samræmst bæði heimsmarkmiðum SP (UN SDG) og nýjustu útgáfu viðmiða SP fyrir græn skuldabréf (UN GBS).

Breytingar á viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði um græn og félagsleg skuldabréf, flokkunarkerfi ESB eða viðmiðum ESB fyrir græn skuldabréf kunna af og til að leiða til viðbóta við eða breytinga á fjármálaumgjörðinni til að tryggja samræmi við ný viðmið eða bestu framkvæmd, og til að tryggja að hún sé viðeigandi fyrir útgáfur í framtíðinni. Uppfærð fjármálaumgjörð mun annað hvort viðhalda sama eða auka enn frekar gagnsæi og skýrslugjöf og verður yfirfarin af þar til bærum ytri aðila í samræmi við gildandi staðla eða viðmið.

3. Ráðstöfun söluandvirðis

Upphæð sem er jöfn söluandvirði af útgefnum sjálfbærum fjármálagerningum sem gefnir eru út undir fjármálaumgjörð þessari skal nýta til fjármögnunar eða endurfjármögnunar, að hluta eða í heild, hæfra framkvæmda og eigna (þ.m.t. lána, fjárfestinga, útgjalda og eigin hæfra verkefna bankans) sem uppfylla hæfiskilyrðin í töflunni hér fyrir neðan (saman hæfar framkvæmdir og eignir).

³ Með fjármögnunarmöguleikum er átt við skráða eða óskráða gerninga, forgangs- eða vijkandi skuldabréf, veðtryggð eða óveðtryggð skuldabréf, viðskiptabréf og tvíhliða samninga.

⁴ United Nation Global Compact, Blue Bonds Reference Paper: <https://unglobalcompact.org/library/5741>

Þar sem 90% af tekjum af fyrirtæki eða verkefni koma frá framkvæmdum sem uppfylla hæfiskilyrðin, getur fjármögnun með almennum fyrirtækjalánum talist hæf svo framarlega sem framkvæmdir sem taldar eru upp undir útilokanir eru ekki fjármagnaðar.

- Tekjur má nýta til að fjármagna hæfar framkvæmdir og eignir. Í slíkum tilvikum gildir:
 - Litið er á söguleg gögn þrjú ár aftur í tímann miðað við útgáfuár sjálfbærs fjármálagernings við

mat á hæfi framkvæmda og eigna.⁵

- Ráðstöfun nettó söluandvirðis á útgáfuári sjálfbærra fjármálagerninga telst ný fjármögnun.

Verkefna-flokkar	Hæfar framkvæmdir og eignir	Grænt	Félagslegt	Blátt	Heims-markmið Sp
Endurnýjanleg orka	Þróun, uppbygging og rekstur aðstöðu og búnaðar til nýtingar á endurnýjanlegri orku til raforkuframleiðslu og hitunar þar sem koltvísýringssstigið er lægra en 100 gCO ₂ /kWst m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda á vistferli. Slík aðstaða og búnaður skal hafa innleitt viðeigandi lausnir sem draga úr þeirri loftslagsá- hættu sem er veigamikil í viðkomandi framkvæmd. ⁶				7.2, 7.a, 9.1
	Til slíkrar aðstöðu og búnaðar telst:				
	Sólarorka	■			
	Vindorka	■		■	
	Vatnsafl	■		■	
	Líforka, svo sem lífmassaeldsneyti, lífrænt gas, lífeldsneyti og lífgas ⁷	■			
	Sjávarorka	■		■	
Orkunýtni	Jarðhitaorka	■			
	Vetni	■			
	Þróun, framleiðsla, dreifing og/eða uppsetning á vörum eða þjónustu sem auka orkunýtni í iðnferlum. Hér er þó undanskilin hagræðing í framleiðslu og dreifingu á jarðefnaeldsneyti.	■			7.3
	Endurbætur á orkunýtni sem fela í sér breytingar á ferlum, varmatapi eða aukinni endurheimt á hita frá úrgangi. Þetta tekur til uppsetningar á samvinnsluorkustöðvum sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku og þar sem koltvísýringssstigið er lægra en gCO ₂ /kWst.	■			7.3
	Uppsetning og rekstur ljósleiðara- og háhraðafarneta í stað samskiptakerfa sem nýta koparbúnað.	■			9.1
Mengunarvarnir og eftirlit	Framkvæmdir sem miða að eftirfarandi: - Draga úr eða milda útblástur ⁸ - Umhverfislegar úrbætur - Aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs, minnka úrgang, endurvinnsla, flokkun og endurnýting.	■		■	6.3, 6.6
Umhverfis-sjálfbær nýting lífandi auðlinda og landnotkun	Fjárfesting og útgjöld sem tengjast fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða skv. viðmiðum Marine Stewardship Council, Aquaculture Stewardship Council (fullvottað) eða vottun Ábyrgra fiskveiða. Lítil fyrirtæka sem skráð eru sem „MSC Certified Fisheries“ og nota aðferðir sem uppfylla skilyrði Ábyrgra fiskveiða teljast hæf ef >90% af tekjum koma frá slíkri veiðistarfsemi.	■		■	12.2, 14.2, 14.4, 14.7
	Sjálfbær skógrækt eða landbúnaður. Undir þetta falla kaup, viðhald og rekstur: - Skóglendi sem vottað er af Skógnýtjaráði - Lífræn landbúnaðarstarfsemi sem vottuð er í samræmi við reglugerðir Evrópusambandsins og Íslands. ⁹	■			12.2, 15.1, 15.2, 15.9

5 Hér hefur verið valið að notast við tímabilið 3 ár en ekki er kveðið á um tímalengd í drögum að viðmiðum Sp fyrir græn skuldabréf (UN GBS).

6 Fyrir orkutengd verkefni skal skila inn vistferilsgreiningu eða könnun á umhverfisáhrifum þar sem lagt er mat á viðeigandi áhrifaflokka skv. skilgreiningu flokkunarkerfis ESB.

7 Um líforku gildir: 1. Lífmassi frá landbúnaði sem nota á við framkvæmdina skal uppfylla skilyrði 2.-5. mgr. 29. gr. tilskipunar 2018/2001/EB. Lífmassi frá skógrækt sem nota á við framkvæmdina skal uppfylla skilyrði 6. og 7. mgr. 29. gr. tilskipunar 2018/2001/EB. 2. Gróðurhúsalofttegundaspamaðurinn sem næst með notkun lífmassa í samvinnslubúnaði er að lágmarki 80% skv. aðferðafræði spamaðar gróðurhúsalofttegunda og fráviksmála jarðefnaeldsneytis í Viðauka VI við tilskipun 2018/2001/EB. Ruslfrítt hráefni er undanskilið. Lífgas frá aflagöri starfsemi eingöngu.

8 Þar sem um er að ræða endanlega kolefnisbindingu í jörð þarf að vera til staðar viðbragðsáætlun vegna kolefnisleka.

9 Hér er búfjárrækt þó undanskilin.

Umhverfisvænar samgöngur	Þung ökutæki eða almenningssamgöngutæki svo sem rútur/strætó, sporvagnar eða skip sem eru að fullu rafvædd eða nýta orkufjafa sem framleiða lítið koldíoxíð á borð við lífsgas eða vetni (hámarks útblástur er 75gCO ₂ /p-km fyrir farþegaflutninga, 25gCO ₂ /t-km fyrir vöruflutninga) ¹⁰	■			11.2
	100% rafvæddir einkabílar	■			11.2
Sjálfbær meðhöndlun vatns og skólps	Þróun, bygging og rekstur skólphreinsistöðu (þ.m.t. söfnun og skólphreinsistöðvar).	■		■	6.2, 6.b
Vörur, framleiðslutækni og ferlar aðlöguð að hringrásarhagkerfinu og/eða sem eru umhverfisfiskilvirk	Þróun og framleiðsla á vörum sem ætlað er að eða hafa þegar hlotið trúverðuga umhverfisevnið sem sniðin er að viðkomandi atvinnugrein, svo sem Svansmerkið, umhverfismerki ESB eða svipað.	■		■	12.3, 12.4, 12.6, 12.7
	Rannsóknir, þróun og rekstur kerfa, vara eða tækni sem eykur orkunýtni og/eða dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda frá viðskiptavinum Landsbankans og/eða notenda netkerfisins (án þess að notaðir séu óendurnýjanlegir orkugjafir), svo sem: - 5G eða aðrir innviðir fyrir háhraðanet	■	■		9.4, 9.5
	Vörur og lausnir sem tengjast interneti hlutanna	■			7.3, 8.4
	- Skýjalausnir og greiningartæki og -lausnir, þ.m.t. gagnaver sem nota endurnýjanlega orku (losunarstuðull <100 g CO ₂ /kWst) og orkunýtingarstuðull (PUE) undir 1,5. ¹¹	■			5.b, 9.c
Vistvænar byggingar	Bygging á nýju húsnaði eða endurbætur eldra húsnaðs, bæði atvinnu- og íbúðarhúsnaðs, skal vera í samræmi við einn af eftirfarandi eða sambærilegum stöðlum: ¹² - LEED „Gold“ - BREEAM (eða BREEAM In-use) „Very good“ - Svansmerkið - og/eða önnur skilyrði nýjustu útgáfu flokkunarkerfis ESB	■			11.6
Húsnaði á viðráðanlegu verði	Bygging, kaup, viðhald eða endurbætur á húsnaði á viðráðanlegu verði eða til almennra íbúða fyrir lágtekjuhópa. ¹³		■		1.2, 1.3, 11.1, 11.5
Sjálfbærir innviðir	Allir innviðir til flutnings, dreifingar og geymslu á rafmagni sem styður við afkolun og tengist endurnýjanlegum orkugjöfum þar sem 67% tengdrar framleiðslugetu er lægri en 100 gCO ₂ /kWst, eða þar sem árlegur losunarstuðull er lægri en 100 gCO ₂ /kWst. ¹⁴	■	■		7.1
	Hitaveitur sem tengjast endurnýjanlegum orkugjöfum.	■			7.1
	Innviðir sem tengjast lágkolefnaflutningi farþega, bæði í opinberum rekstri og einkarekstri, svo sem hleðslustöðvar og port sem nota endurnýjanlega orku.	■		■	11.2
	Innviðir fyrir hjólréiðar og gangandi vegfarendur	■	■		3.6,
Atvinnusköpun, með fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í brothættum byggðum	Fjármögnun og lánveiting til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (skv. skilgreiningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins) sem starfrækt eru í brothættum byggðum á Íslandi. ¹⁵		■		1.4, 8.3

10 Fyrir framkvæmdir um almenningssamgöngur skal miða við loftslagsáhættu til minnst 10-30 ára. Slíkar greiningar skulu byggja á bestu spám sem völ er á. Ekki má nota vöruflutningatæki til flutninga á jarðefnaeldsneyti.

11 Gagnaverið hafi sýnt bestu viðleitni við að innleiða viðeigandi framkvæmd í samræmi við „vænta framkvæmd“ í nýjustu útgáfu af European Code of Conduct on Data Centre Energy Efficiency og hefur innleitt alla vænta framkvæmd sem hefur hámarksstuðulinn 5 í nýjustu útgáfunni.

12 Mannvirki má ekki nota í þeim tilgangi að vinna, geyma, flytja eða framleiða jarðefnaeldsneyti.

13 Lágtekjuhópar skv. skilgreiningu reglugerðar nr. 183/2020, um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnaðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

14 Tengingar orkuvera sem framleiða meira CO₂ en 100gCO₂/kWst við dreifikerfið eru ekki leyfðar.

15 Brothættar byggðir skv. skilgreiningu Byggðastofnunar á útgáfudegi umgjafarinnar.

Neikvæð skimun

Eftirfarandi starfsemi skal ekki fjármögnuð með fjármagni sem aflað er með útgáfu sjálfbærra fjármálagerninga: skógruðningur og niðurbrot skóga, klám, framleiðsla áfengra drykkja, starfsemi sem tengist beint kjarnorku- eða jarðefnaeldsneytisgeirunum (leit, framleiðsla eða dreifing), varnarúrræði, fjárhættuspil, hernaðarstarfsemi, okurlána-starfsemi, tóbaksvörur, jarðefni frá átakasvæðum, barnavinna og þrælkunarvinna.

Ef fyrirtæki verður uppvíst að því að brjóta gegn landslögum eða alþjóðlegum lögum eða samþykktum sem Ísland hefur staðfest, áskilur bankinn sér rétt til að telja fyrirtækið ekki falla undir hæfar framkvæmdir og eignir.

Fjármagni verður ekki vísitandi fjárfest í starfsemi sem tengist verkefnum með mikla losun gróðurhúsalofttegunda sem samræmast ekki þróun lágkolefnahagkerfis og sjálfbærni.

4. Ferli við mat og val á fjármögnunarkostum

Öll lán og fjárfestingar sem tengjast fjármálaumgjörðinni skulu vera í samræmi við innri verkferla bankans og viðeigandi lög og reglur. Lánanefnd Landsbankans fer með ákvörðunarvald í útlánamálum bankans. Lagt er mat á UFS-áhættu (umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðhætti). Við mat á mögulegum hæfum eignum eða framkvæmdum og áhrifum sem ekki eru fjárhagsleg kann Landsbankinn að reiða sig á greiningu ytri aðila, til viðbótar við eigið mat.

Til að forðast kolefnissjálfheldu með eignir sem uppfylla ekki viðmið fjármálaumgjörðar þessarar (þ.e. um sjálfbært lágkolefnahagkerfi) er möguleiki sjálfheldu og áhrifa eigna (m.t.t. viðeignandi áhrifasviða yfir líftíma eignar) metið sérstaklega af sjálfbærnisérfræðingum bankans fyrir verkefni sem fjármögnuð eru innan ramma umgjörðarinnar.¹⁶

Fjármögnun/endurfjármögnun lána í vanskilum og lána þar sem ráðstöfun lánsfjárhæðar er óstaðfest (óbundin) fullnægir ekki skilyrðum um hæfa ráðstöfun.

Sjálfbær fjármálanefnd

Í sjálfbærri fjármálanefnd eiga sæti fulltrúar Fyrirtækjasviðs, Áhættustýringar, Fjármála og rekstrar og sjálfbærnisérfræðingur sem útnefndur er af formanni nefndarinnar.

Sjálfbær fjármálanefnd skoðar reglulega mögulega hæfar eignir og framkvæmdir og skráir í fundargerð þær eignir og framkvæmdir sem metnar eru hæfar, ráðstöfun fjármuna til valinna framkvæmda og eigna og hvers konar mikilsverðar breytingar á safni valinna eigna og framkvæmda.

Sjálfbær fjármálanefnd ber ábyrgð á:

- Greiningu, mati og samþykkt lána, fjárfestingum og útgjöldum sem taka á inn í safn hæfra framkvæmda og eigna (sjá kaflann um Ráðstöfun söluandvirðis).
- Umsjón með safni hæfra eigna á líftíma sjálfbærra fjármálagerninga til að tryggja að söluandvirði sé einvörðungu ráðstafað til fjármögnunar og

endurfjármögnunar hæfra framkvæmda og eigna skv. skilgreiningu í kaflanum Ráðstöfun söluandvirðis.

- Að fylgjast með þróun í sjálfbærri fjármögnun almennt og uppfæra fjármálaumgjörð bankans og hæfiskilyrði til samræmis.

Hæfi allra framkvæmda og eigna skal meta í gegnum innra ferli Sjálfbæru fjármálanefndarinnar, m.a. yfirferð og samþykkt sjálfbærnisérfræðings.

Sjálfbær fjármálanefnd fundar eftir þörfum (þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári) til að tryggja samræmi fjármögnunar við fjármálaumgjörð þessa. Sjálfbær fjármálanefnd skjalfestir mats- og valferlið til að auðvelda úttekt þriðja aðila (ef þarf).

5. Umsjón með söluandvirði

Landsbankinn stýrir söluandvirði útgefina sjálfbærra fjármálagerninga fyrir hvert safn fyrir sig. Svo framarlega sem eftirstöðvar eru af söluandvirði sjálfbærra fjármálagerninga, skal bankinn leitast við að ráðstafa þeim fjármunum til safnsins hæfar framkvæmdir og eignir.

Ráðstöfun söluandvirðis sjálfbærra fjármálagerninga til safnsins skal yfirfarið og samþykkt af sjálfbærri fjármálanefnd ekki sjaldnar en árlega þar til söluandvirðinu er fullráðstafað.

Safn hæfra framkvæmda og eigna skal yfirfarið ekki sjaldnar en árlega. Við sölu eða ef framkvæmd uppfyllir ekki lengur hæfiskilyrði skal bankinn endurráðstafa fjármagninu til annarra hæfra framkvæmda og eigna eins fljótt og auðið er.

¹⁶ „Kolefnissjálfheldu vísar til þrálætis noktnar á tækni sem leiðir til mikillar losunar koltvísýrings og kemur í veg fyrir að teknir séu í notkun aðrir og umhverfisvænni möguleikar. Sjálfheldu myndast vegna þess að önnur tækni, hagþættir og ytra umhverfi eru byggð í kringum og tengjast eldri tækni sem leysir mikinn koltvísýring. Uppbygging slíkrar tækni kann að vera tiltölulega kostnaðarsöm en reksturinn ódýr þannig að markaðsöfl, félagslegir þættir og pólitísk öfl styrkja hana í sessi og erfið reynist að hætta notkun og leysa tæknina úr sjálfheldu. Því er fjárfesting skipuleggjenda og fjárfesta í eignum sem gjarnan leiða til slíkrar sjálfheldu líkleg til að hamla sveigjanleika í framtíðinni og auka kostnað af að ná umsömdum markmiðum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.“ Erickson, P., Kartha, S., Lazarus, M., & Tempest, K. (2015). Assessing carbon lock-in. *Environmental Research Letters*, 10(8), 084023.



Þar til öllu söluandvirðinu hefur verið ráðstafað kann Landsbankinn að fjárfesta þeim hluta sem ekki hefur verið ráðstafað í samræmi við lausafjárstefnu sína þar til allri fjárhæð söluandvirðisins hefur verið fjárfest/ endurfjárfest í hæfum framkvæmdum og eignum innan 24 mánaða frá útgáfu.

6. Skýrslugjöf og úttekt þriðja aðila

Landsbankinn gefur árlega út skýrslu á vefsíðu sinni, annað hvort sem sjálfstætt skjal eða sem viðauka við aðrar skýrslur um sjálfbærnimál eða ársskýrslu bankans þar sem gerð er grein fyrir áhrifum á sjálfbærni og ráðstöfun söluandvirðis sjálfbærra fjármálagerna sem gefnir eru út undir fjármálaumgjörðinni.

Skýrsla um ráðstöfun söluandvirðis

Skýrsla um ráðstöfun söluandvirðis skal að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Yfirlit og virði útistandandi sjálfbærra fjármálagerna
- Fjármagn sem ráðstafað er til hæfra framkvæmda í hverjum flokki
- Eftirstöðvar óráðstafaðs söluandvirðis
- Upphæð og hlutfall nýrrar fjármögnunar og endurfjármögnunar

Framvinduskýrsla

Landsbankinn birtir umhverfis- eða félagslega framvinduskýrslu fyrir hvert eignasafn í samræmi við aðgengileika upplýsinga og grunngögn. Bankinn upplýsir

um framvindu viðeigandi mælikvarða (sjá töflu hér fyrir neðan) eða aðra mælikvarða sem kunna að veita betri innsýn. Þar sem það er mögulegt og viðeigandi er framsetning upplýsinga í samræmi við samræmd viðmið ICMA um bestu framkvæmd framvinduskýrslna. Sá fyrirvari er gerður við mat á framvindu að ekki kann að reynast unnt að nálgast öll tengd gögn og að útreikningar eru því eftir bestu vitund. Áhersla verður lögð á að upplýsa um losun gróðurhúsalofttegunda sem aftrað var þar sem gögn eru til reiðu og vísindalega sannreynd.

Verkefnaflokkar	Mælikvarðar
Endurnýjanleg orka	■ Samdráttur/minnkun árlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂í ■ Árleg framleiðsla endurnýjanlegrar orku í MWst/GWst (rafmagn) og GJ/TJ (önnur orka)
Orkunýtni	■ Árlegur orkusparnaður í MWst/GWst (rafmagn) og GJ/TJ (önnur orka) ■ Samdráttur/minnkun árlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂í
Mengunarvarnir og eftirlit	■ Árlegt heildarumfang úrgangs sem er flokkaður frá og /eða safnað, meðhöndlaður (moltugerð meðtalin) eða fargað (í tonnum á ári og sem hlutfall af heildarúrgangi) ■ Úrgangur sem komið er í veg fyrir að myndist, sem dregið er úr, endurnotaður eða enduruninn fyrir eða eftir framkvæmdirnar sem hlutfall af heildarúrgangi og/eða heildarumfangi í tonnum á ári.
Umhverfissjálfbær nýting lifandi auðlinda og landnotkun	■ Fjöldi framleiddra vara sem eru vottaðar fyrir hvern vörflokk og vottunarkerfi
Umhverfissvænar samgöngur	■ Heildar kílómetrafjöldi nýrra eða endurbættra lestarteina eða reina sem tileinkaðar eru rútum, strætisvögnum, léttvögnum eða hjólaumferð ■ Heildarfjöldi útblástursfrírra bíla og/eða annarra ökutækja sem fjármagnaðar hafa verið ■ Samdráttur/minnkun árlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂í
Sjálfbær meðhöndlun vatns og skólps	■ Árleg heildarnotkun vatns fyrir og eftir framkvæmdina í m³/a, hlutfall samdráttar í vatnsnotkun í % ■ Heildarmagn skólps sem er meðhöndlað, endurnotað eða komið í veg fyrir, fyrir og eftir framkvæmdina í m³ á ári
Vörur, framleiðslutækni og ferlar aðlöguð að hringrásarhagkerfinu og/eða sem eru umhverfisskilvirk	■ Samdráttur í vatnsnotkun í tonnum ■ Afleidd hráefni eða molta framleidd í tonnum
Vistvænar byggingar	■ Flatarmál (m²) vottaðra skrifstofubygginga eða íbúðarhúsnæðis sundurliðað út frá vottunarkerfi ■ Samdráttur/minnkun árlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂í
Húsnæði á viðráðanlegu verði	■ Fjöldi og flatarmál (m²) félagslegs húsnæðis eða húsnæðis á viðráðanlegu verði sem var fjármagnað ■ Áætlaður fjöldi fólks sem fékk húsnæði í árslok
Sjálfbærir innviðir	■ Samdráttur/minnkun árlegrar losunar gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂í á ári
Atvinnusköpun, með fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í brothættum byggðum	■ Fjöldi lána ■ Upphæð úthlutað til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í brothættum byggðum ■ Fjöldi starfsmanna sem hafa fengið stuðning



Ytri staðfesting

Landsbankinn mun leita eftir staðfestingu hjá einum eða fleiri ytri aðilum og fá vottun fyrir og eftir útgáfu.

Vottun fyrir útgáfu staðfestir samræmi hinna sjálfbæru fjármálagerninga við einn eða fleiri

viðeigandi staðal (t.d. Green Bond Principles, viðmið ESB fyrir græn skuldabréf eða aðra sambærilega staðla, eins og við á og skv. ákvörðun bankans).

Vottun eftir útgáfu felst í yfirferð á skýrslum um ráðstöfun söluandvirðis þar sem leitað er

staðfestingar á að söluandvirði frá útgáfu sjálfbærra fjármálagerninga hafi verið ráðstafað að fullu til hæfra framkvæmda og eigna, og að rétt hafi verið upplýst um hvers konar óráðstafað söluandvirði.

Fylgiskjöl

Sjálfbær fjármálaumgjörð, álit ytri aðila, framvinduskýrslur og skýrsla um ráðstöfun söluandvirðis og árleg skýrsla verða birt á heimasíðu [Landsbankans](https://www.landsbankinn.is), ásamt með öðrum viðeigandi skjölum.



Fyrirvari

Sjálfbær fjármálaumgjörð þessi er birt í upplýsingaskyni eingöngu og í þeim tilgangi að birta upplýsingar sem eru almenns eðlis og ekki tæmandi. Upplýsingarnar í þessu skjali hafa ekki verið sannreynðar sérstaklega og ekki er veitt nein tryggingu eða ábyrgð, beint eða óbeint, á því né skyldi reiða sig á að upplýsingarnar eða skoðanirnar í skjalinu séu nákvæmar, áreiðanlegar, sannar, réttar eða tæmandi. Hvers konar trygging eða ábyrgð, bein eða óbein, er takmörkuð að svo miklu leyti sem lög heimila. Upplýsingar í skjalinu kunna að breytast, vera endurskoðaðar, uppfærðar eða endurútfærðar og kunna því að breytast töluvert.

Sjálfbæra fjármálaumgjörðin kann að innihalda yrðingar um framtíðarhorfur sem endurspeglar fyrirætlanir, skoðanir, ályktanir

og núverandi væntingar Landsbankans til þróunar og atburða í framtíðinni. Slíkar skoðanir, ályktanir og væntingar kunna að taka breytingum í kjölfar atburða eða þátta sem Landsbankanum er ekki kunnug um við útgáfu sjálfbæru fjármálaumgjörðarinnar.

Upplýsingar, yrðingar og skoðanir sem sjálfbæra fjármálaumgjörðin inniheldur eru ekki almennt tilboð í neinum lagalegum skilning, né tilboð um sölu eða ráðlegging um kaup á neinum skuldabréfum eða fjármálagerningum, né neins konar ráðgjöf eða meðmæli með neinum slíkum skuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum. Sjálfbæru fjármálaumgjörðinni er heldur ekki ætlað né skal túlka hana sem lagalega eða fjárhagslega ráðgjöf.

Dreifing sjálfbæru fjármálaumgjörðarinnar og upplýsinganna sem hún geymir kann að vera háð takmörkunum í ákveðnum löndum. Einstaklingar sem fá skjalið í hendurnar skulu kynna sér slíkar takmarkanir og fylgja þeim.

Viðtakandinn ber einn ábyrgð á hvers konar notkun upplýsinganna sem skjalið inniheldur og Landsbankinn hf. og dótturfélög bankans bera ekki ábyrgð á neinu tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af notkun viðtakanda á skjalinu. Öll réttindi áskilin.

Fjárfestar sem eru í einhverjum vafa um eigin stöðu ættu að ráðfæra sig við fagaðila.